

Alþingi
Erindi nr. P 132/1280
komudagur 10.3.2006



Iðnaðarnefnd
Austurstræti 10-12
150 Reykjavík

Umsögn um Byggðaáætlun 2006-2009, þingskjal 473 – 391 mál.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefur unnið náið með Fjórðungssambandi Vestfirðinga annarveggar við gerð álitis á drögum að nýrri Byggðaáætlun í október 2005 og nú við umsögn um Byggðaáætlun 2006-2009. Félagið tekur undir það álit og vísar til þess í öllum meginatriðum en vill þó árétta eftirfarandi.

Fyrir það fyrsta telur félagið mikilsvert að tilgreind markmið og aðgerðir í Byggðaáætlun 2006-2009 eiga sér tilvísun í Byggðaáætlun 2002-2005 og þar sé komin aðferð fyrir samfellu í aðgerðum til lengri tíma en áætlunin nær til hverju sinni. Hér ætti að gera um betur og taka hliðsjón af öðrum áætlunum stjórnvalda s.s. samgönguáætlun sem sett er fram til 12 ára í senn en skipt upp í fjögurra ára tímabil með tilgreindu fjármagni. Þar er komin leið til að afmarka ákveðna fjármuni í skilgreinda þætti með tilstuðlan Alþingis, en ekki sem eina fjárhæð til Byggðaáætlunar í heild og samspil annarra áætlana stjórnvalda yrði ljóst. Í annan stað telur félagið mikilvægt að nú koma markmið og aðgerðir Byggðaáætlunar til umfjöllunar Alþingis, en eru ekki lögð fram sem fylgiskjal og Alþingi fjalli einungis um yfirmarkmið áætlunarinnar líkt og gerðist með síðustu áætlun. Í umfjöllun Alþingis nú, mætti þess vegna gera tillögur um ákveðið fjármagn til einstakra aðgerða og beina þeim til afgreiðslu fjáráukalaga fyrir árið 2006. Með þeim hætti yrði framsetning áætlunarinnar skýrari gagnvart þeim sem aðilum sem hefur áhrif á.

Hvað varðar einstaka aðgerðir og markmið Byggðáætlunar 2006-2009 þá vill Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða benda á eftirfarandi í umsögn sinni.

Eitt af þremur meginmarkmiðum Byggðáætlunar er efling landshlutakjarna og jafnframt hugað að treysta búsetu byggða sem glíma við viðvarandi fólksfækkun. Grundvöllur til útfærslu þessara stefnu á Vestfjörðum er tenging atvinnusvæða, þannig ef ætlun er að efla kjarna- og jaðarsvæði á Vestfjörðum á gildistíma Byggðáætlunar þarf að setja verulega aukið fjármagn til verkefna í samgöngumálum. Auknar framkvæmdir á þessum tíma myndi einnig geta dregið úr samdrætti í atvinnulífi svæðisins og jafna aðstöðu þess gagnvart öðrum landssvæðum. Í áætlunum stjórnvalda varðandi samgöngur og fjarskipti hefur nú þegar verið tilgreint fjármagn auk fjármagns af sölu Símans og er því treyst að þeim sé fylgt eftir. En ef lítið er til einstaka samgönguverkefna, þá hefur fjármagn verið sett til að ljúka tengingu Reykhóla, Stranda og norðanverða Vestfjarða fyrir árið 2009. Einnig hefur fjármagn verið sett til verkefna í Reykhólahreppi á Þjóðveg 60, sem tryggja á uppbyggingar láglandisvegum frá Kollafirði til Þorskafjarðar. Á sama tíma þarf að tryggja að þjónusta á þessum stofnvegum sé sambærileg og á öðru stofnvegakerfi landsins. En tilhneiging hefur verið að horfa til umferðarþunga í ákvörðunum um þjónustu, í stað þess að skilgreina hana út frá ákveðnum staðli.

Á sama hátt þarf að tímasetja framkvæmdir í samgöngumálum á gildistíma Byggðáætlunar 2006 – 2009, til að koma á heilsársamgöngum milli Vestur Barðastrandasýslu og Ísafjarðarsýslu. Í dag eru engar samgöngur á sjó, flug milli staða tekur um 6 tíma, með flugi í gegnum Reykjavíkflugvöll og stysta landleið milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar, 175 km, um Hrafnseyrar og Dynjandisheiðar, hefur undanfarna vetur verið lokuð að meðaltali um 120 daga á ári. Á þeim tíma er möguleg landleið um Laxárdalsheiði í Dölum eða 609 km.

Þannig ef ætlun er að efla kjarna- og jaðarsvæði á Vestfjörðum gildistíma Byggðaaætlunar þarf að setja aukið fjármagn til verkefna í samgöngumálum. Og undirstrikað er að auknar framkvæmdir á þessum tíma myndi einnig geta dregið úr samdrætti í atvinnulífi svæðisins og jafna aðstöðu þess gagnvart öðrum landssvæðum.

Tillaga að aðgerðum nr. 2 og 8 fela í sér endurskoðun á fyrirkomulagi núverandi starfsemi atvinnuþróunar og kanna möguleika á samhæfingu þess. Félagið telur nauðsynlegt að skýrt verði nánar í umræðu um Byggðaaætlun 2006-2009 hvernig þær tillögur eiga að vinna saman.

Varðandi tillögu 8 metur félagið að það sé verið að taka einn þátt atvinnuþróunar út úr, sem er nýsköpun og telur að nefna þurfi alla aðila að því máli en ekki einungis að tilgreina hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar m.a. með vísan í lög nr 4/2003. Hér má benda á að Byggðastofnun er einnig falið samkvæmt lögum nr 106/1999 að koma að nýsköpunarverkefnum og það er síðan áréttað í reglugerð um stofnunina frá í maí 2000. Engin sérstök lög né reglugerðir segja til um starfsemi atvinnuþróunarfélaga en í samningi þeirra við Byggðastofnum um atvinnu – og byggðaðróun frá febrúar 2003 er nýsköpun einn þeirra þátta sem þeim ber að vinna að.

Í aðgerð nr 2 er um eflingu sveitarstjórnarstigsins og er þar vísað til endurskoðunar á skipulagi atvinnuþróunarstarfsemi og að tillögur hafi verið settar fram í skýrslu samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Hér er væntanlega vísað til tillagna sem áttu að koma til framkvæmda eftir að niðurstaða af sameiningu sveitarfélaga lægi fyrir á árinu 2005 og voru kynntar á fyrri hluta árs 2004. En þar sem hægt hefur verulega á verkefnum um eflingu sveitarstjórnarstigsins, þá hafa þessar tillögur ekki verið ræddar nánar. Að mati Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða er þar áhersla á miðlæga atvinnuþróunarstofnun en þar segir “ að stofnuð verði sérstök atvinnuþróunarstofa sem yrði fjárfestingarbanki og atvinnuþróunarmiðstöð fyrir landið í heild sinni, en sinni jafnframt mikilvægu byggðahlutverki”.

Samantekið má því álykta að í tillögum 2 og 8 sé verið að taka til umræðu um hve miðlæg atvinnuþróunarstarfsemi eigi að vera, hver eigi að vera áherslan og hver eigi að sinna slíku hlutverki. Hér er því sett fram sú spurning hvort þessi tillaga feli í sér að Nýsköpunarmiðstöð fái aukið hlutverk m.a. með vísan í lög nr 4 / 2003 og þá í annan stað eigi atvinnuþróun að leggja megináherslu á nýsköpun.

Hér ber að benda á að nýsköpun er ein meginstoða í atvinnuþróun en hún sem slík stendur ekki ein og sér að atvinnuþróun einstakra landsvæða. Hér verður að vera samspil þátta svo sem, menntunar, rannsókna, endurmenntunar, búsetuskilyrði, samgöngur, starfsskilyrði grunnatvinnuvega og starfsemi hins opinbera jafnt bein starfsemi og framkvæmd stefnu til jöfnunar á aðstöðu landsvæða. Hér er nauðsynlegt að umræða fari fram við afgreiðslu Byggyááætlunar 2006-2009 og einnig að umræða fari fram meðal aðila málsins áður ákvarðanir eða breytingar á lögum eru teknar á þessum vettvangi. Að þessu sögðu ætti eins að koma til skoðunar hvort skipta eigi þessu hlutverki upp og efla hvert og eitt atvinnuþróunarfélag í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga til þessara verkefna.

Stjórn Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða tekur að öðru leiti undir efnisatriði í tillögu 8 um aðgerðaáætlun um mikilvægi og styrkingu atvinnuþróunarstarfs og mikilvægi þess að efla það enn frekar í héraði. Þar er aðkoma félaganna að vaxtarsamningum mikilvægur liður. Félögin eru einnig mjög víða nefnd til sem samstarfsaðili í skilgreindum aðgerðum Byggyááætlunar.




ATVINNUPRÓUNARFÉLAG
VESTFJARÐA

Efling félags eins og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða væri einnig liður í eflingu Ísafjarðar sem landsbyggðarkjarna og sem liður í að treysta búsetu í byggðarlögum með viðvarandi fólksfækkun, fellur því vel að einum af þremur meginmarkmiðum byggðaáætlunar. Félagið telur að góð og fjölbreytt reynsla hafi nú þegar skapast af fyrirkomulagi atvinnuþróunar, meðal annars vegna hins mismunandi rekstarforms atvinnuþróunarfélaganna. Á það ber líka á að benda að aðstæður í dag eru mjög mismunandi milli landsvæða varðandi atvinnu og byggðaðróun og er ólíkt að standa í varnarbaráttu eða þar sem þensla er.

Ísafirði 10. mars 2006

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða



Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri